

## 008/01 - Sigtryggur ÍS 284

Sigtryggur ÍS-284, strandar fyrir utan Sandgerðishöfn

### Sigtryggur ÍS 284

**Skipaskr.nr.:** 2148

**Smíðaður:** Hafnarfirði 1992 Plast

**Stærð:** 6,11 brl; 5,79 bt

**Lengd:** 7,81 m **Breidd:** 3,08 m **Dýpt:** 1,54 m

**Vél:** Volvo Penta 226,00 kW **Árgerð:** 1991

**Annað:**

**Földi skipverja:** 2

### Atvikalýsing

Hinn 30. janúar 2001 var m.b. Sigtryggi ÍS-284 siglt úr höfn í Sandgerði áleiðis á miðin til veiða með línu. Veður: hægviðri, undiralda.

Eftir að línan hafði verið dregin og gengið frá afla var bátnum siglt áleiðis til hafnar í Sandgerði. Skipstjóri fól hásetanum að annast heimsiglinguna og setti merki á mynd í plotter þar sem átti að vekja hann eða skammt utan við Hamarssundið. Fór skipstjórinn síðan að sofa.

Skipstjórinn var vakinn og þegar hann kom upp og hafði áttað sig sá hann að báturinn var kominn of sunnarlega og kominn inn á grynningar. Var stefnu breytt til bakborða um 10° en í því strandaði báturinn. Skipstjórinn hafði samband við mann er hann þekkti og var meðlimur í björgunarsveitinni Sigurvon í Sandgerði og óskaði eftir aðstoð.

Báturinn barðist eitthvað á strandstað. Ekki leið langur tími þar til björgunarsveit var komin á staðinn og tókst að draga bátinn á flot og koma honum inn í höfn þar sem hann var tekinn á land. Komið hafði leki að bátnum og fylltist vélarrúmið af sjó en enginn sjór komst í lest eða lúkar.

### Við rannsókn kom fram

- að hásetinn sem fengin var stjórn bátsins hafði ekki réttindi til skipsstjórnar né vélgæslu. Skipstjórinn hafði ekki réttindi til vélgæslu;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa sagt hásetanum neitt sérstaklega til um notkun siglingaækjanna þar sem hann hélt að hann kynni á þau en hann hafði verið með honum í einn mánuð. Skipstjóri sagði að hásetinn væri búinn að vera nokkurr ár við störf á sjó;
- að skipstjóri sagðist hafa merkt á plotterskjá hvar skipið ætti að vera þegar hann yrði vakinn. Hann hafi verið vakinn þegar sigldar höfðu verið um 2 sml framhjá þeim stað sem átti að vekja hann.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök strandsins hafi verið óaðgæsla við stjórn skipsins af hendi skipstjóra að fela manni sem enga þekkingu hefur á stjórn og siglingu skips.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin telur að koma mætti í veg fyrir svona atvik ef útgerðarmönnum minni fiskiskipa yrði gert skylt svo að óyggjandi sé að alltaf skuli vera maður með skipstjórnarrétindi við stjórn skips á siglingu. Það ber að hafa í huga að illa hefði getað farið ef veður hefði verið verra.

Nefndin leggur til í ljósi atvika sem orðið hafa vegna strands og árekstra minni fiskiskipa á liðnum árum að þeir, sem lenda í slíkum óhöppum, verði gert skylt að sækja námskeið fyrir skipstjórnarmenn í stjórn og siglingu skipa. Ábyrgð skipstjórnarmanna á verðmætum og

mannslífum verður að vera raunhæf í verki. Skilningi á á slíkri ábyrgð er best komið til skila með aukinni fræðslu eða símenntun. Ljóst er að þörf er á aukinni fræðslu varðandi vélgæslu fyrir stjórnendur smábáta svo að þeir uppfylli ákvæði laga þar um.